

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 202/2008**2010/EES/50/05****frá 4. mars 2008****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 að því er varðar fjölda og heiti sérfræðinganefnda á vegum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 4. mgr. 28. gr.,

með hliðsjón af beiðni sem lögð var fyrir Matvælaöryggisstofnun Evrópu 12. september 2007,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sérfræðinganefnd um aukefni í matvælum, bragðefni, hjálparefni við vinnslu og efni sem komast í snertingu við matvæli er meginþáttur í öryggi matvælaferlis og neytendaverndar.
- 2) Reynslan leiðir í ljós að frá stofnun sérfræðinganeftdarinnar hafa henni borist hartnær 50% af heildarfjölda þeirra verkefna sem send hafa verið til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Þrátt fyrir að fjöldi vísindalegra álitá sé samþykktur á hverju ári á sérfræðinganeftndin í erfiðleikum vegna vinnuálags.
- 3) Búið er við að fjöldi verkefna sem sérfræðinganeftndinni berst aukist í framtíðinni með samþykkt nýrrar lóðréttrar löggjafar á sviði vítamíns og steinefna, sem bætt er í matvæli, og aukefna í matvælum, bragðefna og ensíms í matvælum.
- 4) Það er þó ví nauðsynlegt að í stað þessrar sérfræðinganeftndar komi tvær nýjar sérfræðinganeftndir, annars vegar „sérfræðinganeftnd um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli“ og hins vegar „sérfræðinganeftnd um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu“.

5) Skipting ábyrgðar milli nýju sérfræðinganeftndanna tveggja skal miðast við að tryggt sé að sérþekking hvorrar sérfræðinganeftndar um sig svari til valdsviðs hennar og stuðli að auknu jafnvægi í starfi. Verklagsreglurnar sem gilda um vísindaneftnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og nefndir hennar skulu tryggja sveigjanlega samræmingu og samhæfðar aðferðir.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 178/2002 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastaneftdarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Fyrstu undirgrein í 4. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er breytt sem hér segir:

1. Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) sérfræðinganeftnd um aukefni í matvælum og næringarefni sem bætt er við matvæli.“

2. Eftirfarandi j-liður bætist við:

„j) sérfræðinganeftnd um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu“,

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 60, 5.3.2008, bls. 17. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-neftdarinnar nr. 60/2010 frá 11. júní 2010 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 49, 16.9.2010, bls. 3.

(¹) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 575/2006 (Stjtið. ESB L 100, 8.4.2006, bls. 3).